

Nýr angi af aronskunn

Dátasjónvarpið inn á hvert heimili

Geir R. Andersen, kunnur dálkahöfundur í Dagblaðinu, hefur gerst aðalhvatamaður söfnun-

ar undirskrifa fyrir opnun dátasjónvarpsins fyrir alla landsmenn. Safna á undirskriftum í

hverju kjördæmi og skila áskorun til Alþingis í vor eða haust. Geir R. Andersen neitaði í gær að segja hverjir stæðu að þessu með honum, en sagði að það kæmi í ljós síðar.

Í fréttatilkynningu segir Geir R. Andersen, að undirskriftalistinn sé í raun áskorun til alþingismanna um að bregbast vel við óskum kjósenda þeirra, sem ljá þessu líb og veita málinu brautargengi á Alþingi. A undirskriftaskjalinu segir orðrétt: „Það er staðreynd, að varnarliðið á Keflavíkurflugvelli rekur fullkomna sjónvarpsstöð í landi okkar og ennfremur að íslenskir sjónvarpsnotendur búa ekki við þau skilyrði, sem nálægjar þjóðir njóta, t.d. í vali milli sjónvarpsstöva innlendra og erlendra.“

Fram kom á fréttamannafundinum í gær að Geir R. Andersen hugsar sér að nota dreifikerfi íslenska sjónvarpsins þegar það er ekki að störfum fyrir dátasjónvarpið, og vill að íslenskir skýringartextar fylgi.

Þarna virðist semse upp kominn nýr angi af aronskunn.

—þm/ekh



Halldór Blöndal um Sjálfstæðisflokkinn:

Þar standa orð manna ekki lengi

Matthías Bjarnason segir Dr. Gunnar hafa „eitthvað óhreint í pokahorninu“


Það mikla fylgi sem Dr. Gunnar Thoroddsen forsætisráðherra og varaformaður Sjálfstæðisflokksins á meðal stuðningsmanna flokksins eins og komið hefur fram í skoðanakönnun Dagblaðsins virðist hafa hlaupið illilega fyrir brjóstið á þeirri fámennu klíku sem ræður enn þá helstu valdastofnunum Sjálfstæðisflokksins. Þessi glímu-skjálfti birtist m.a. í auknum persónulegum árásum ýmissa forystumanna Sjálfstæðisflokksins á hendur varaformanni flokksins.

Við umræður á Alþingi í fyrradag um þingfrestun notuðu tveir þingmenn Sjálfstæðisflokksins þeir Halldór Blöndal og Matthías Bjarnason tækifærið til að ráðast á Gunnar Thoroddsen. Halldór Blöndal fór háðulegum orðum um forsætisráðherra og taldi hann hafa verið að setja sig á háan sess með því að Gunnar hefði verið að líkja sjálfum sér við Adenauer fyrrum kanslara V-Þýskalands í sjónvarpi fyrir nokkru. Halldór kallaði stuðningsmenn Gunnars í Sjálfstæðisflokknum „horn sem

klofnaði frá“ um leið og hann réðist á forsætisráðherra fyrir hringlandahátt. Halldór sagði að þessi hringlandaháttur Gunnars Thoroddsen væri reyndar ekkert nýtt fyrir hann því þessi háttur forsætisráðherra væri nokkuð sem menn hefðu lifað lengi með í Sjálfstæðisflokknum, en í þeim flokki væri reyndar venja að orð manna stæðu ekki lengi.

Matthías Bjarnason var líka ómildur í garð forsætisráðherra og ásakaði hann fyrir að hafa „eitthvað óhreint í pokahorninu“ úr því að hann vildi gera hlé á störfum þingsins.

p.m.



Guðbergur í FÍM-salnum

Guðbergur Auðunsson listmálari opnar fjórðu einkasýningu sína í FÍM-salnum að Laugarnesvegi 112 kl. 3 í dag. Á sýningunni eru 20 nýjar myndir. Sýningin stendur

til 9. mars og er opin kl. 2-10 á laugardögum og sunnudögum, en kl. 5-10 aðra daga.

(Mynd: Tone)

Lífeyrisþegar njóta 10% frádráttar

Þegar ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar samþykkti nágildandi skattalög 1978 þá var ekki gert ráð fyrir því að lífeyrisþegar gætu dregið 10% frá lífeyri sínum þegar hann væri talinn til skatts, en eins og kunnugt er þá geta launþegar valið á milli þess að nota almenna 10% frádráttarheimild eða tilgreina ákveðna líbi til frádráttar.

Nebri deild Alþingis samþykkti fyrir nokkru breytingu á skattalögnum sem fól í sér að lífeyrisþegar skyldu njóta hinna almennu 10% frádráttarheimildar. Eftir að þessi breyting hafði verið samþykkt í deildinni töldu margir þingmenn í fyrstu að tilgangi tillögunnar hefði ekki verið náð þrátt fyrir samþykktina vegna þess hversu flauturslega var staðið að flutningi hennar af hálfu flutningsmanns, Vilmundar Gylfasonar. Við nánari athugun í efri deild kom í ljós að breytinga-tillagan hafði lent á réttum stað í skattalögnum og var því fyrrgreindur ótti manna úr sögunni.

p.m.

Í stuttu máli



Úr leikritinu „Ólyktin“, eftir Kristján Arnason, menntaskólakennara að Laugarvatni.

Laugvetningar sýna nýtt íslenskt leikrit í Stapa og Kópavogsbíói

Nemendur Menntaskólans að Laugarvatni hafa undanfarið sýnt sjónleik austanfjalls við ágætar undirtektir. Leikritið ber nafnið Ólyktin, þjóðlífsmyndir eftir Kristján Arnason. Nú er ætlunin að sýna leikinn á Suburnesjum nk. mánudag kl. 9:00. Í félagsheimilinu Stapa og fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins í Kópavogsbíói kl. 9:00 nk. þriðjudag. Leikstjóri er Kristín Anna

Þórarinsdóttir, en í sýningunni koma fram yfir 30 manns, leikarar, dansarar og hljóðfærarleikarar — enda koma við sögu í leiknum jafnt álfar og tröll sem mennskir menn. Þetta er víðamesta sýning sem nemendur ML hafa staðið að, og má heita, að fjórði hver nemandi skólans hafi lagt hönd á plóginn.

Fröken Margrét norðan fjalla

Sú víðfræga kennslukona Fröken Margrét er enn í fullu fjöri og hefur nú lagt land undir fót; ef til má segja að hún sé orðin farandkennari. Herdís Þorvaldsdóttir hefur leikið hlutverk frökenarinnar í sýningu Þjóðleikhússins í á annað hundrad skipti og er nú í leikför um landið. Í síðustu viku var leikritið sýnt í Vík í Mýrdal og á Kirkjubæjarklaustri, en í næstu viku verða sýningar á ýmsum stöðum á norðurlandi. Mánudaginn 25. febrúar verður sýnt á Ólafsfirði kl. 20.30, þriðjudag kl. 13.30 á Siglufirði, miðvikudag kl. 18. á Dalvík og aftur þar á föstudag kl. 20.30, en fimmtudaginn 28. febr. verður sýning í Hrísey og mun það vera í fyrsta skipti sem Þjóðleikhúsið sýnir þar. Sýningartíminn í Hrísey



ákvæðast nánar eftir ferðum ferjunnar frá Dalvík.

Líf og fjör á Kjarvalsstöðum

Heilmikið verður um að vera á Kjarvalsstöðum um helgina þar sem stendur yfir sýning á listið kvenna og eru nú síðustu forvöð að sjá hana. Í tengslum við sýninguna verður í dag kl. 2 haldin sýning á blómaskreytingum frá Blómavali, kl. 4 verður tiskusýning og kl. 6 sýning á þjóðbúningum og sýndir þjóðdansar.

Á morgun, sunnudag kl. 3 verður aftur tiskusýning og þjóðbúninga- og þjóðdansasýning kl. 5. Konur verða á sýningunni báða dagana við að spinna, vefa og knipla.

Þá má geta þess, að Bandalag kvenna sem stendur fyrir þessari sýningu heldur þing



sitt á Kjarvalsstöðum á sunnudaginn og stendur það fram á mánudagskvöld.

Svavar á fundi Geðverndar

Félagið Geðvernd boðar áriðandi fund á mánudagskvöldið nk. kl. 20.30. Heilbrigðisráðherra, Svavar Gestsson mætir á fundinn.

Félagar í Geðvernd og fólk sem starfar að geðheilbrigðismálum er sérstaklega hvatt til að koma og taka þátt í umræðum.

Auglýsingasíminn er 81333

ÞJÓÐVILJINN